

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 84/1999

frá 25. júní 1999

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/1999 frá 30. mars 1999⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB) í XI. kafla:

„5f. **397 L 0066:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 19.10.2000, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 19.10.2000, bls. 147.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner